

Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Mosfellsbæ, 1. apríl 2018

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Efni: Tilkynning um skógrækt

Undirritaður tilkynnir hér með sveitastjórn Rangárþings ytra um skógræktarsamning á jörðinni Ölveri landnr. 224946 í sveitarfélaginu Rangárþingi ytra.

Samningurinn tekur til 25 ha. lands og meðfylgjandi er greinargerð um landið ásamt korti af svæðinu.

Einnig er óskað afstöðu sveitastjórnar hvort framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 sé krafist.

Í 4. gr. reglugerðarinnar segir m.a.

Allar framkvæmdir sem teljast meiriháttar, hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Leyfisveitandi metur hvort framkvæmd sé framkvæmdaleyfis skyld skv. 1. mgr., falli hún ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Landeigandi telur framkvæmdina í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins.

Verndarákvæði náttúruverndarlaga: Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá og nýtur engrar sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Svæðið er skilgreint sem gott ræktunarland skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Fornminjar: Engar fornminjar eru á ræktunarsvæðinu sbr. Skýrsla FS 526-06193 Rangárþing ytra_áfangaskýrsla III_I. Bindi. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2014.

Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi: Á svæðinu eru engar sérstakar jarðmyndanir né vistkerfi sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum.

Útlitshönnun: Landslag kemur til með að ráða útköntum væntanlegs skógar þar kantar snúa að lækjum sunnan og vestan eins og sjá má á meðfylgjandi korti. Skurðir skapa mörk að austan og að norðan og er þar hætta á að beinar línur ráði för. Hægt er þó að brjóta upp skógarkanta með öðrum tegundum trjáa en aðaltegund hvers reitar. Lögð er áhersla á að lauftré brjóti upp barrskóga og öfugt.

Almennt: Fyrirhugað skógræktarsvæði er í Rangárþingi ytra og er um 25 hektarar á stærð, það er að mestu afgirt en það þarf að laga girðingar á köflum. Svæðið var áður nýtt sem beitiland. Meðfylgjandi loftmynd sýnir legu þess og útlínur. Skógræktarsvæðið er í um 60 m hæð yfir sjó. Stærstur hluti svæðis einkennist af gamalli mýri sem var lokræst fyrir allmörgum árum. Ræsin virðast í góðu lagi. Landið er mjög frjósamt sem hentar vel fyrir greni og ösp. Svæðið er flatt en hallar lítillega á móti suðri og suðvestri. Landið þarf að jarðvinna fyrir gróðursetningu með grashemjandi aðgerðum. Lögð verður áhersla á að rækta fjölbreyttan og þróttmikinn skóg eins og aðstæður leyfa. Megin áhersla verður á að skógurinn geti skapað viðarnytjar auk þess sem hann bætir veður og eykur lífsgæði í Ölveri. Við gerð ræktunaráætlunar verður þess gætt að skógurinn falli sem best að landslagi með

ásýnd skógarins í huga. Frjósemi landsins býður upp á sitkagreni og ösp sem aðaltegundir. Búast má við geysi-miklum vexti á þessu frjóa landi, en mikill grasvöxtur verður væntanlega vandamál við ræktunina í byrjun.

Undirritaður óskar hér með svara sveitarstjórnar við því hvort það hafi athugasemdir við því að hefja framkvæmdir við skógræktarsvæði í landi Ölvers.

Björgvin Filippusson



Undirskrift